

FUNDARGERÐ

549. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 18. ágúst 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðium yrði bætt á dagskrána:

- Umsókn um lóð undir einbýlishús við Hátún, verður liður II - 15 á dagskránni
- Umsókn um lóðina Smiðjuvegur 6, verður liður II – 16 á dagskránni
- Fundargerð 241. fundar skipulagsnefndar frá 7. júlí 2016 verður liður I – 1 á dagskránni
- Umferðarhraði gegnum þéttbýlið í Vík, veður liður III-17 á dagskránni

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 241. fundar skipulagsnefndar frá 7. júlí 2016

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað gögnin bárust í dag hef því ekki náð að kynna mér málin til að taka afstöðu.

1. Reynisfjara- Deiliskipulagstillaga

Á fundinum er fjallað um athugasemdir sem bárust innan athugasemdafrests við tillöguna Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Sólheimajökulsmelar- Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að breyttu deiliskipulagi við Sólheimajökul. Sveitarstjórn samþykkir skipulagið

3. Mánabraut 36 – tjaldstæði

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi svæðisins Mánabraut 36. En í tillögunni felst stækkun lóðarinnar og að hún verði auk þess skilgreind sem tjaldstæði.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu þessa máls til næsta fundar og stefnir að heilstæðri umræðu um málefni tjaldstæða í sveitarfélaginu og takmarkanir á næturdvöl gesta við skipulögð svæði innan sveitarfélagsins.

2. Fundargerð fjallskilanefndar eystri frá 10. ágúst 2016

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. Fundargerð 242. fundar skipulagsnefndar frá 17. ágúst 2016

1. Norður-Foss – Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028, en í tillögunni felst að á jörðinni verði skilgreint verslunar og þjónustusvæði.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

2. Norður-Foss – Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem byggir á tillögu um breytingu á aðalskipulag.

Deiliskipulagið tekur til 3,4 ha svæði innan jarðarinnar. Heimilt byggingarmagn verður 1050 m² í sjö byggingum auk leiksvæðis og annarrar útivistaraðstöðu

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

3. **Stöðuleyfi – Kjarval**
Sótt um tímabundið stöðuleyfi fyrir kæligám við verslunina Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
4. **Stöðuleyfi – Reynir Örn Eypórsson**
Sótt um stöðuleyfi fyrir 40 feta gámi á gámastæði sveitarfélagsins. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar
5. **Víkurbraut 23 – byggingarleyfi**
Rarik sækir um byggingaleyfi fyrir byggingu spennistöðvar á lóðinni Sveitarstjórn samþykkir byggingarleyfið með þremur atkvæðum Þorgerður Hlín Gísladóttir situr hjá og Eva Dögg Þórsteinsdóttir greiðir atkvæði gegn veitingu byggingarleyfisins.
6. **Kerlingadalur – Stofnun lóðar**
Karl Pálmason sækir um leyfi til stofnunar lóðar í kringum íbúðarhús á jörðinni Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. **Þjónustusamningur um málefni fatlaðs fólks milli sveitarfélaganna sem aðild eiga að Bergrisanum bs.**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir samninginn fyrir sitt leyti
2. **Orkusjóður auglýsir - styrkir til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla**
Lagt fram til kynningar
3. **Fundargerð Héraðsnefndar Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. júní 2016**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tekur heilshugar undir bókun Héraðsnefndarinnar varðandi ófremdarástand í heimavistarmálum FSU. Verði ekki strax gengið í að tryggja fé til uppbyggingar heimavistar við skólann eru forsendur fyrir þátttöku sveitarfélaganna í uppbyggingu skólans ekki lengur til staðar. Samþykkt að vísa 4. lið fundargerðarinnar til fjallskilaneftnda sveitarfélagsins.
4. **Ítrekuð beiðni um ljósastaura við Sunnu- og Mánabraut**
Fram var lögð ítrekuð beiðni frá öllum íbúum raðhúsanna við Sunnu- og Mánabraut um að strax verði komið upp ljósastaurum á því svæði. Sveitarstjórn harmar hvað það hefur dregist að koma þessu til framkvæmda. Sveitarstjóri upplýsti að verktaki hafi lofað að fara í verkið í vikunni.
5. **Bréf frá N1 varðandi lóðina við Austurveg 18**
 - 5a. **Svar Hafsteins hjá N1 við fyrirspurn sveitarstjóra**
 - 5b. **Teikning frá 1996 af skipulagi lóðarinnar**
Fram var lagt erindi frá N1 þar sem sótt er um stækkun á lóð félagsins við Austurveg 18 og jafnframt um að skoðaður verði sá möguleiki að fá innkeyrslu inn á lóðina frá væntanlegum vegi sunnan svæðisins.
Sveitarstjórn samþykkir að N1 verði úthlutað stærri lóð við Austurveg 18. Samþykkt að gerður verði nýr lóðaleigusamningur við N1 um lóðina nr. 18 við Austurveg í samræmi við nýtt skipulag af svæðinu þannig að lóðin verði um 7.000 m². Sveitarstjórn gerir um leið þá kröfu til lóðarhafa að strax verði ráðist í umbætur á svæðinu til að mæta stöðugt vaxandi umferð.
Sveitarstjórn vísar því til skipulagsnefndar að skoða möguleika á sameiginlegri tengingu frá væntanlegum þjóðvegi að lóðunum við Austurveg 16, 18 og 20 og að jafnframt verði það sett í skipulagsskilmála þessara lóða að samnýta heimilaðar tengingar við Austurveg.
6. **Erindi frá Íbúðalánasjóði varðandi framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir**
Lagt fram til kynningar

- 7. Erindi frá Sambandi sveitarfélaga vegna áforma UST um verkferla við lokun svæða og svar sveitarstjóra**
Lagt fram til kynningar
- 8. Erindi frá landeigendum og ábúendum á Sólheimabæjum - Fjallskil í fjallskiladeild vestari**
Elín Einarsdóttir oddviti vikur af fundi undir þessum lið og Þráinn Sigurðsson tekur við fundarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umfjöllunar í fjallskilanevnd vestari, sveitarstjóra falið að funda með nefndinni um umrætt erindi og stöðu fjallskila á svæðinu. EE mætir aftur til fundarins og tekur við fundarstjórn.
- 9. Hvatning Velferðarvaktarinnar vegna kostnaðarþátttöku foreldra**
- 9a. Ábending til skólanefnda frá Sambandi sveitarfélaga.**
Sveitarstjórn vekur athygli á að námsgögn barna í Víkurskóla eru foreldrum að kostnaðarlausu frá og með þessu skólaári.
- 10. Erindi frá Sigurbjarti Jóhannessyni vegna Giljareits**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lýsir stuðningi við að Sigurbjartur Jóhannesson fái keypta lóð þá sem hann hefur á leigu úr ríkisjörðunum Brekkum 1 og Brekkum 3.
- 11. Umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi í flokki II frá Evu Dögg Þorsteinsdóttur**
Eva Dögg Þorsteinsdóttur vikur af fundi undir þessum lið. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins. EDP mætir aftur til fundarins.
- 12. Umsókn um endurnýjun á rekstrarleyfi í flokki II frá Hrönn Pétursdóttur**
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.
- 13. Fyrirspurn frá Bændasamtökunum vegna fjallskila**
Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til umfjöllunar í fjallskilanevndum sveitarfélagsins
- 14. Erindi frá félags- og skólalöngustunni um foreldrafærninámskeið**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lýsir vilja til að stuðla að því að slíkt námskeið geti verið haldið í sveitarfélaginu.
- 15. Umsókn um lóð undir einbýlishús við Hátún**
Magnús Kristjánsson sækir um lóð undir einbýlishús við Hátún 23.
Sveitarstjórn samþykkir að úthluta tveimur þeirra lóða sem ætlaðar hafa verið undir raðhús á lóðunum Hátúni 23, 25 og 27 verði úthlutað undir íbúðarhús og bílageymslu, en að byggingum verði þannig komið fyrir á lóðunum að unnt verði að byggja íbúðarhús á annarri hvorri lóðinni nr. 23 eða 27. Samráð verði haft við skipulags- og byggingarfulltrúa um fyrirkomulag bygginga á lóðinni.
- 16. Umsókn um lóðina Smiðjuvegur 6**
Sigurður Elías Guðmundsson, Vilborg Smáradóttir, Ingi Már Björnsson og Hjördís Rut Jónsdóttir sækja um lóðina Smiðjuvegur 6 undir fjölþætta afþreyingarstarfsemi í tengslum við íslenska hestinn.
E. Tryggvi Ástþórsson leggst gegn veitingu lóðarinnar og óskar bókað: Fagna hugmyndinni. Ég tel að starfsemi með lifandi dýr eigi ekki samleið á miklum ferðamannasvæði þar sem umferð bíla við Víkurskála, Icewear og væntanlega verslunarmiðstöð annarsvegar og rekstur steypustöðvar á hina hliðina væru næstu nágarnar. Vil að skoðað verði með að finna stað austan við núverandi iðnaðarhverfi fyrir þessa starfsemi.

Eva Dögg Þorsteinsdóttir óskar bókað gögnin bárust í dag hef því ekki náð að kynna mér málin til að taka afstöðu.

Meirihluti sveitarstjórnar samþykkir lóðaúthlutunina og bendir á eftirfarandi: Umsókn um lóð undir fjölþætta starfsemi í tengslum við íslenska hestinn var tekin til afgreiðslu í skipulagsnefnd 12. febrúar 2015 og þar var bókað: Nefndin tekur vel í framkomna hugmynd og vísar henni til skoðunar við gerð deiliskipulags af svæðinu. Sú afgreiðsla var staðfest samhljóða í sveitarstjórn á fundi 26. febrúar 2015. Frá þeim tíma hefur verið unnið í skipulagsnefnd með skipulagshönnuðum og umsækjendum að því að finna ákjósanlegan stað undir þessa starfsemi. Eingöngu er því verið að úthluta lóð undir þessa starfsemi í samræmi við staðfest deiliskipulag af svæðinu.

17. Umferðarhraði í þéttbýlinu í Vík.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lýsir miklum áhyggjum af umferðarhraða í gegnum þorpið í Vík. Umferð hefur á síðustu misserum aukist gífurlega og nú fara um 3500 bílar á dag um Reynisfjall og því til viðbótar er svo innanbæjarumferðin. Sveitarstjórn krefst þess að Vegagerðin grípi strax til aðgerða til að takmarka umferðarhraða á þessum kafla þjóðvegarsins.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Erindi frá Sambandi sveitarfélaga um launakjör sveitarstjórnarmanna og viðmiðunarlaunatafla júní 2016

Samþykkt að vísa viðmiðunarlaunatöflu um launakjör sveitarstjórnarmanna til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016 – rekstur

Sveitarstjóri gerði grein fyrir nauðsynlegum viðaukum við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016 og lagði fram meðfylgjandi tillögu að viðaukum við fjárhagsáætlunina. Stærstu liðirnir eru vegna rekstrarframlags til Hjallatúns, vegna launabreytinga í tengslum við nýgerða kjarasamninga og leiðréttingar á fjárhagsáætlun tónskólans. Þá er í viðaukunum gert ráð fyrir nokkuð auknum tekjum. Samtals hafa þessar breytingar í för með sér aukin rekstrarútgjöld sveitarsjóðs sem nema 3,1 milljón. Þeim auknu útgjöldum verður mætt með lægri rekstrarafgangi en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun.



Viðaukar við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016

Rekstur

Samþ. á fundi sveitarstjórnar í ágúst 2016

| Nr. | Málaflokkur | Skýring | Viðauki við fjárhagsáætlun | | | Samantekt allra viðauka | | |
|--------------------------------|------------------------------|-------------------------------------|--------------------------------------|---------------------------------------|--|---|---|---|
| | | | RT Rekstrar tekjur þús. kr. | RÚ Rekstrar útgjöld þús. kr. | Samtala Tekjur - gjöld með viðaukum. þús kr. | Upphafleg fjárhags- áætlun Rekstrar- niðurstaða | Samtala viðauka Rekstrar- niðurstaða | Fjárhags- áætlun m/ viðaukum Rekstrar- niðurstaða |
| A- hluti | | | | | | | | |
| 00 | Skatttekjur | Hærrí skatttekjur | 420.860 | 0 | 420.860 | 403.780 | -17.080 | 420.860 |
| 02 | Félagsþjónusta | Hjallatún, fjárhagsaðst, brnav. | 2.315 | 37.850 | -35.535 | -21.535 | 14.000 | -35.535 |
| 03 | Heilbrigðismál | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 04 | Fræðslu- og uppeldismál | Kjarasamningar, leikskóli, tónskóli | 14.200 | 235.710 | -221.510 | -219.010 | 2.500 | -221.510 |
| 05 | Menningarmál | Flygill | 2.985 | 24.305 | -21.320 | -21.320 | 0 | -21.320 |
| 06 | Æskulýðs- og íþróttamál | Minni aðsókn að lauginni | 15.070 | 59.170 | -44.100 | -43.100 | 1.000 | -44.100 |
| 07 | Brunamál og almannavarnir | | 1.100 | 18.930 | -17.830 | -17.830 | 0 | -17.830 |
| 08 | Hreinlætismál | Hærra sorpgjald | 15.850 | 19.205 | -3.355 | -4.070 | -715 | -3.355 |
| 09 | Skipulags- og byggingarmál | | 7.500 | 15.520 | -8.020 | -8.020 | 0 | -8.020 |
| 10 | Umferðar- og samgöngumál | | 0 | 12.700 | -12.700 | -12.700 | 0 | -12.700 |
| 11 | Umhverfismál | | 400 | 8.285 | -7.885 | -7.885 | 0 | -7.885 |
| 13 | Atvinnumál | Landvarsla í Dyrhólaey út | 2.440 | 7.950 | -5.510 | -6.260 | -750 | -5.510 |
| 21 | Sameiginlegur kostnaður | Aukaframlag í líffeyrisjóð br. | 0 | 56.780 | -56.780 | -53.980 | 2.800 | -56.780 |
| 28 | Fjármagnsliðir | | 9.420 | | 9.820 | 9.820 | | 9.820 |
| | | | 492.140 | 496.405 | -3.865 | -2.110 | 1.755 | -3.865 |
| Aðrir sjóðir í A- hluta | | | | | | | | |
| 31 | Eignasjóður | | 75.122 | 59.288 | 15.834 | 15.834 | 0 | 15.834 |
| 33 | Þjónustumiðstöð | Kjarasamningar og viðbót | 16.605 | 23.335 | -6.730 | -6.730 | 0 | -6.730 |
| | A- hluti | | 583.867 | 579.028 | 5.239 | 6.994 | 1.755 | 5.239 |
| Sjóðir í B- hluta | | | | | | | | |
| 57 | Félagslegar þjónustuíbúðir | | 4.730 | 7.600 | -2.870 | -2.650 | 220 | -2.870 |
| 57 | Vatnsveita | | 5.010 | 1.370 | 3.640 | 3.640 | 0 | 3.640 |
| 61 | Fráveita | | 6.750 | 3.010 | 3.740 | 3.665 | -75 | 3.740 |
| 47 | Hitaveita | | 6.810 | 7.990 | -1.180 | -1.180 | 0 | -1.180 |
| 55 | Leiguíbúðir sveitarfélagsins | Sunnubr.5 og Sunnubr 12 | 4.200 | 6.530 | -2.330 | -1.130 | 1.200 | -2.330 |
| | B- hluti | | 27.500 | 26.500 | 1.000 | 2.345 | 1.345 | 1.000 |
| | A- og B- hluti | | 611.367 | 605.528 | 5.839 | 9.339 | 3.100 | 6.239 |

2a. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2016 – framkvæmdir

Sveitarstjóri gerði grein fyrir nauðsynlegum viðaukum við framkvæmdaáætlun Mýrdalshrepps 2016 og lagði fram meðfylgjandi tillögu að viðaukum við áætlunina. Stærsti liðurinn er vegna ákvörðunar sveitarstjórnar um að kaupa Sunnubraut 12 og nauðsynlegra breytinga á því húsi. Tekjur vegna gatnagerðargjalda voru áætlaðar 14,7 milljónir, en skv. þessum viðaukum er gert ráð fyrir 12,7 milljónum í gatnagerðargjöld. Annað snýr að tilfærslum milli liða. Til að mæta þessum auknu fjárfestingum hefur þegar verið samþykkt lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélagar að upphæð kr. 30 milljónir í stað þeirra 10 milljóna sem gert var ráð fyrir í upphaflegri fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.



Viðaukar við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2016

Fjárfestingar

Samþ. á fundi sveitarstjórnar í ágúst 2016

| Nr. | Málaflokkur | Skýringar breytinga | Áætlun um stöðu framkvæmda í ágúst í þúsund kr. | Samantekt allra viðauka | | |
|--------------------------|-------------------------|---|---|---------------------------------------|-----------------------------|---|
| | | | | Upphafleg fjárhags-áætlun Fjárfesting | Samtala viðauka Fjárfesting | Fjárhags-áætlun m/ viðaukum Fjárfesting |
| A- hluti | | | | | | |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Gatnagerðargjöld | -12.700 | -14.700 | 2.000 | -12.700 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Gatnagerð Króktún Hátún | 25.000 | 25.000 | 0 | 25.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Frágangur á lóðum við Sunnu- og Mánabraut | 0 | 1.000 | -1.000 | 0 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Sunnu og Mánabraut | 12.000 | 12.000 | 0 | 12.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Kaupin á Sunnubraut 12 | 20.000 | 0 | 20.000 | 20.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Endurbætur á Sunnubraut 12 | 3.000 | 0 | 3.000 | 3.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Lýsing Sunnu og Mánabraut | 3.000 | 3.000 | 0 | 3.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Gangstéttar | 3.000 | 6.000 | -3.000 | 3.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Grunnskóli þak og hiti | 2.000 | 3.500 | -1.500 | 2.000 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Leikskóli hellur | 0 | 500 | -500 | 0 |
| 29 | Efnahagur - Aðalsjóður | Austurvegur 17 | 6.000 | 6.000 | 0 | 6.000 |
| 33 | Efnahagur - Eignasjóður | Kaup á sláttuvél | 800 | 0 | 800 | 800 |
| A- hluti | | | 62.100 | 42.300 | 19.800 | 62.100 |
| Sjóðir í B- hluta | | | | | | |
| 57 | Vatnsveita | Lagnir að nýjum húsum | 600 | 600 | 0 | 600 |
| 61 | Fráveita | Lagnir að nýjum húsum | 900 | 900 | 0 | 900 |
| B- hluti | | | 1.500 | 1.500 | 0 | 1.500 |
| A- og B-hluti | | | 63.600 | 43.800 | 19.800 | 63.600 |

Fjárfesting

Útfærð ákvörðun hvenig viðaukum er mætt

| Nr. | Aðgerð | Skýring | Upphafleg fjárhags-áætlun | Samtals þús.kr |
|-----|-------------------------|--|---------------------------|----------------|
| | Veltufé frá rekstri | Lækkun sem nemur minni framlegð | 45.000 | 40.000 |
| | Handbært fé | | 30.000 | 35.000 |
| | Lántaka langtímalán | Lántaka vegna Sunnubr 12 og það sem ráð var fyrir gert | 10.000 | 30.000 |
| | Afborganir langtímalána | óbr. | -29.000 | -29.000 |
| | Samtals til ráðstöfunar | | 56.000 | 76.000 |
| | Handbært fé í árslok | | 12.200 | 12.400 |

2b. Skýringar á viðaukum við fjárhagsáætlun 2016

Sveitarstjóri fór yfir og skýrði samantekt sem hann hefur gert á viðaukum við fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2016. Sveitarstjórn samþykkir viðaukana.

3. Minnisblað sveitarstjóra um stöðuna varðandi sjóvörnina

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað um stöðu mála varðandi sjóvörnina í Vík og samskipti sín við Vegagerðina og ráðuneytið um málið.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps lýsir miklum vonbrigðum með að ekki skuli hafa tekist að koma málinu til framkvæmda í ár og felur sveitarstjóra og oddvita að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar á framfæri við Vegagerðina, innanríkisráðherra, samgönguráð, samgöngunefnd þingsins og þingmenn kjördæmisins.

4. Frá Vegagerðinni - Hönnun á nýjum sandfangara og viðgerð á þeim eldri

Fram var lögð til kynningar hönnun Vegagerðarinnar á nýjum sandfangara og viðgerð á garðinum sem byggður var 2011 - 2012. Nýr garður mun verða um 200 metra langur og ganga í sjó fram

sunnan við aðstöðu Vegagerðarinnar í Vík. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirhugað lagervæði vegna framkvæmdanna, enda verði það grætt upp að lokinni notkun.

5. Minnisblað sveitarstjóra varðandi íbúðamál í ágúst 2016

5a. Hugmyndir að raðhúsum sbr. minnisblað sveitarstjóra hér að framan

Sveitarstjóri fór yfir þær hugmyndir sem verið hafa til skoðunar varðandi byggingu leiguíbúða í sveitarfélaginu og kynnti hugmyndir að byggingu fjögurra íbúða 85 – 90m² í tveimur raðhúsum á svæðinu milli Klettsvegur og Austurvegur skv. nýju deiliskipulagi. Húsin yrðu annað hvort byggð úr einingum frá Límtré Vírneti eða úr forsteyptum einingum eftir því hvað væri hagstæðara í byggingu og fyrr í afgreiðslu. Sveitarstjórn samþykkir að sótt verði um til íbúðalánasjóðs að íbúðirnar verði byggðar skv. nýjum lögum um almennar íbúðir. Sótt verði um verði um stofnframlag ríkisins 18 % og að auki 6% viðbótarframlag vegna mikils skorts á leiguíbúðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að sveitarfélagið leggi fram 12% stofnframlag til bygginganna og 4% viðbótarframlag vegna mikils skorts á leiguíbúðum. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

6. Vangaveltur um tölfræði vegna stefnumótunarvinnu

Lagt fram til upplýsinga

7. Fundargerð leikskálanefndar um endurbyggingu og breytta notkun hússins.

7a. Leikskálar - Endurbygging og breytt notkun hússins.

Farið var yfir áður framlagða hugmynd að breyttri notkun á Félagsheimilinu Leikskálum. Í þeirri hugmynd er gert ráð fyrir því að koma fyrir í húsinu skrifstofu sveitarfélagsins, bókasafni hreppsins og góðum fundarsal sem einnig gæti nýst félagasamtökum og starfi eldri borgara í sveitarfélaginu o.fl..

Sveitarstjórn samþykkir að kynna hugmyndina á heimasíðu sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra láta vinna verkeikningar og útboðsgögn fyrir verkið í samræmi við framkomna hugmynd að nýtingu hússins og það verði boðið út með það að markmiði að húsið verði tilbúið til breyttrar notkunar næsta vor.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Aðalfundur Byggðasafns Rangæinga og Vestur Skaftfellinga 13. júní 2016

Lagt fram til kynningar

2. Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur Skaftafellssýslu frá 22. júní 2016

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 173. fundar heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 1. júní 2016

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð 510. fundar stjórnar SASS frá 8. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

5. Samningur Bergrisans bs. og Árborgar um sameiginleg verkefni byggðasamlagsins

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45.

Elín Einarsdóttir oddviti

Þorgerður Hlín Gísladóttir

Þráinn Sigurðsson

E. Tryggvi Ástþórsson

Eva Dögg Þorsteinsdóttir